

# Ágúst Einarsson

Erindi á Hugmyndadæpingi Samfylkingarinnar um menntamál –  
Bifröst 16.9. 2001

## Menntastefna – eina atvinnu- og byggðastefnan sem virkar

*Aukin menntun er árangursrík efnahags-, byggða- og jafnréttisstefna*

### Glæra 1.

Hér ætla ég að fjalla um:


1. Tengsl mennta- og efnahagsstefnu
2. Íbúapróun hérlendis
3. Tengsl byggða- og menntastefnu
4. Tengsl jafnréttis- og menntastefnu
5. Samanburður í menntamálum við útlönd
6. Pólítísk áhersluatriði

Glæra 2 – **ath get ekki “copierað” línuritid sem fylgir**

- Markmið pólítískrar efnahagsstefnu er að auka velferð þegnanna
- Rannsóknir Þorvaldar Gylfasonar
- Eykst sókn í framhaldsskóla um 30% eykst hagvöxtur á mann um 1%.


### Glæra 3

Breyting íbúafjölda  
á 11 árum frá  
1990 - 2001




Glæra 4

Breyting búsetu á



9 árum frá 1992 –  
2001 sem hlutfall  
af íbúum 1991

Glæra 5  
Hlutfall vinnuafis  
með háskólapróf  
í einstökum kjör-  
dæmun 1996




Glæra 6

Menntun mjög mismundi í einstökum landshlutum

- Nýjasta könnun Kjararannsóknarnefnar frá þessu ári og skipt í flokka eftir menntun og vinnustað
- Í fyrra flokki (lítill menntun) eru almennt og sérhæft verkafólk, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk
- Í hinum hópnum (mikil menntun) eru iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk og sérfræðingar
- Næsta mynd sýnir mánaðarlaun fyrir dagvinnu með öllum yfirborgunum, þ.e. laun fyrir störf eftir hvort unnið er á landsbyggðinni eða á höfuðborgarsvæðinu

Glæra 7 Laun eftir menntun og búsetu



#### Glæra 8

- Lærdómur alla ævi (lifetime learning)
- Atriðin fimm frá OECD



1. Viðurkenna allan lærdóm ekki einungis þann sem felst í prófgráðu
  2. Hvatingin er meginþáttur vegna þess að fólk er með mjög misjafnar efnahagslegar forsendur
  3. Forgangsröðunin þarf að vera ljós
  4. Aukið fé þarf í þennan málaflokk
  5. Lærdómur alla ævi er utan verkswiðs eins ráðuneytis
- **Sumt er í lagi hér en annað í ólagi**

#### Glæra 9

- Við erum í 2. sæti af 15 þjóðum OECD í hlutdeild heimila sem eiga tölvu fyrir árið 1998 og hjá okkur er hlutfallið 61% en meðaltal OECD er 40%
- Fjöldi nemenda á hverja tölvu í efri bekkjum framhaldsskóla er 11 og erum í 10. sæti af 18 þjóðum


- Þátttaka 3ja ára Íslendinga í leikskólum er mjög hátt eða 84% og þar erum við í 4. sæti af 25 löndum OECD. Meðatalið í OECD er 38%
- Næstu myndir sýna hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskólaprófi og háskólaprófi
- Þar erum við um miðjan hóp og neðar og verðum að gera betur en skólar eru misjafnir eftir löndum

## Glæra 10



Glæra 12 -

## Glæra 13



Ég ætla að nefna nokkur pólitísk atriði sem við ættum kannski að hafa til umhugsunar og þau eru gamalkunnug fyrir okkur vegna þess að þau eru svona að mestu tekin úr stefnu sem við vorum með þegar við sömdum þingályktun um menntamál á sínum tíma. Sú vinna sem þá var lagt í byggði á öllu því sem að gömlu flokkarnir, Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag og Kvinnalísti höfðu skrifað og sagt um menntamál í nokkuð mörg ár þar á undan og dregnar fram áherslur sem áttu vel við þá umræðu.

Ég held það sé við hæfi að taka þetta hér upp vegna þess að þetta undirbyggir hugsun okkar um þríhyrninginn.

## Glæra 14

**1. Það á að setja sem viðmið í menntamálum það sem best er gert erlendis.**

Það er markmið okkar og það er svo langt frá því að við séum nokkuð nálægt því að vera með þetta. En, pólitískur flokkur, þarf, ef menn vita ekki hvert þeir ætla að fara, þá skiptir engu máli í hvaða átt hann fer. Þetta á að vera viðmiðið okkar.

**2. Í hinu nýja þekkingarsamfélagi og nýja hagkerfi ræður menntun mestu um lífskjör í framtíðinni.**

Þessi fullyrðing um að menntun ráði mestu um lífskjör framtíðarinnar, þetta hef ég sýnt hér fram á þó ég hafi ekki getað farið langt í það.

**3. Menntun er verkefni opinberra aðila til að tryggja jafnræði.**

Þetta er skuldbindnandi að okkar hálfu að líta á menntunina sem opinbert verkefni, þetta er opinber gæði, opinber vara og þjónusta og við viljum hafa þetta til að tryggja jafnrétti.

**4. Með menntun fyrir alla er átt við að allir eigi sömu möguleika til sambærilegrar menntunar hvort sem um leikskóla eða háskóla er að ræða en ekki samfélag þar sem menntun barna ræðst af efnahag foreldra.**

Hérna erum við að tala um allir hafi möguleika til sambærilegrar menntunar, hvort sem það er leikskóli eða háskóli, við erum ekki samfélag þar sem menntun barna ræðst af efnahag foreldra. Hér er pólitíska ágreiningslínan, hún snýst um þennan punkt, en ekki bara á Íslandi, mjög víða þá snýst hún um þetta en hún virðist vera að koma fram skýrar hér heldur en hún gerir t.d. á öðrum norðurlöndum.

## Glæra 15

### **1. Hægri menn hérlendis og erlendis vilja nýta markaðslögmálin í menntakerfinu og fjárhagslega yfirburði og tæki til að velja þá sem halda til mennta eða hafna þeim. Jafnaðarmenn berjast gegn þeirri stefnu**

Ég nefndi að við eigum sameiginlegt með öðrum stjórn málaöflum að vilja auka verðmætasköpunina eins og við getum þó að til viðbótar að við viljum jafna þau kjör sem aðrir vilja ekki og þetta snýst um það við ætlum að nota markaðslögmálin í efnahagskerfinu og erum sammála um það en lína hægri manna, að nota þessi sömu lögmál, sem eru mjög fín en þeir vilja nota þau líka í menntakerfinu og vilja nota fjárhagslega yfirburði sem tæki til að velja þá sem halda til mennta eða hafna þeim. Það er alveg valíd aðferðafræði, ekki gleyma því, þetta er alveg valíd aðferðafræði innan hugmyndafræði um markað. Hér er hinsvegar verið að beita markaðnum á sviði þar sem við viljum ekki að þessum lögmálum sé beitt með þessum hætti. Þetta er ákveðið grundvallaratriði og þessi sýn, þurfum við, ef við ætlum að skerpa menntamálahornið þá þurfum við að draga þetta miklu skýrar fram heldur en við höfum gert.

### **2. Menntamál eru hið nýja almannatryggingakerfi jafnaðarmanna**

Við orðum það hér, við höfum stundum notað þetta orðalag, og ég held að við mættum gera svolítið meira af því að tala um það alveg eins og jafnaðarmenn komu á almannatryggingarkerfinu til að vernda fátækt fólk hér á fyrri hluta síðustu aldar þá verða það menntamálin sem eru vörnin fyrir fátækt fólk næstu áratugum.. Þess vegna er þetta nýja almannatryggingakerfið. Í suma fer þetta orðalag, þeir hugsa, almannatryggingarnar, þessi heilagi hlutur, en það er bara breytt, hverjir verða fátækir í framtíðinni það eru ekki þeir sömu, þeir sem verða fátækir í framtíðinni og eiga erfitt uppdráttar eru þeir sem hafa litla menntun. Það eru fyrst og fremst þeir.

### **3. Fólk í atvinnulífinu verður að eiga kost á símenntun, ekki síst ófaglært starfsfólk**

### **4. Menntu lýkur aldrei. Endurmenntun og símenntun á að vera hluti skólaskyldu. Sérhver á rétt á að koma aftur inní skólastrf ef hugur hans stendur til þess.**

Símenntun og menntun líkur aldrei og menn eiga rétt á því að koma inn í skólastarf hvernær sem þeir vilja, hvernær sem



hugur þeirra stendur til. Við sjáum það til dæmis á því að langstærsta menntastofnun á Íslandi er Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands – hún sýnir þörfina hjá fólk að koma á einhver hátt inn í skólakerfið aftur.

### **Glæra 16**

- 5. Framhaldsskólinn hefur lengi verið hornreka í íslensku skólakerfi og úr því verður bætt**
- 6. Beint samband er milli hagvaxtar og fjölda þeirra sem sækja framhaldskóla í einstökum löndum**
- 7. Lækka á útskriftaraldur úr framhaldsskóla til samræmisvið það sem er algengt erlendis**

Hér - beint samband milli hagvaxtar og fjölda sem ég sýndi fram á áðan, lækkun útskriftaraldurs, ég sýndi það ekki þetta er orðið meginatriði í okkar hugsun, þetta verður að gerast við erum með tvö ár umfram nágrannalönd og hér er þessi krafa um það að draga inn, þetta sé ekki eyland.

- 8. Ef skólakerfi okkar á að standast samanburð á alþjóðavísu verða starfsskilyrði kennara að standast slíka kröfu. Við viljum vel menntaða kennara sem eru ánægðir með starfsskilyrði sín, laun og aðstöðu**

Menntamálin og að starfsskilyrði kennara verða að standa kröfu um alþjóðlegan samanburð ef skólakerfið á að gera það. Það er ekki hægt að gera þetta öðruvísi, þessi tenging yfir í kennarastéttina er í mínum huga mjög mikilvæg. Ef við ætlum að setja þetta viðmið, að vera með þeim bestu í heiminum og ef menn eru ekki sammála um að þá þurfa menn kannski ekkert að hafa launkjör kennara sérstök, þá er engin ástæða til þess. Þannig að þetta fer alltaf eftir viðmiðunum sem dregin eru fram.

### **Glæra 17**

- 1. Gera þeim skólum sem bjóða háskólanám hér vel kleift að mæta þörf**
- 2. Jafnaðarmenn telja að menntastefna sé mikilvægasta verkfærið í byggðastefnu framtíðarinnar**

Jafnaðarmenn telja að menntastefna sé mikilvægasta byggðastefna framtíðarinnar og ég tel mig einfaldlega hafa sýnt fram á það með þessum tölum yfir hvernig launakjörin og menntakjörin hanga saman, hvernig það er lakari staða á landsbyggðinni.

**3. Við verðum að standa öðrum þjóðum velá sporði ef ekki á að fara illa en slíkt gæti m.a. leitt til þess að ungt fólk kysi frekar að setjast að erlendis en á Íslandi**

Þetta er byggðastefna sem snýst um það, hún snýst ekki um landsbyggð og þéttbýli heldur í mínum huga og ekki bara í mínum huga heldur snýst þetta um búsetuna á Íslandi eða utan Íslands. Þetta snýst ekki um hvort menn búa á Tálknafirði eða Sauðárkróki eða Reykjavíkursvæðinu, þetta snýst um það hvort unga fólk ætlar að búa erlendis sem það hefur miklu betri tök á heldur en það hafði hér fyrir nokkrum árum. Það er hin stóra áskorun okkar Jafnaðarmanna að búa til þessi skilyrði.

**4. Jafnaðarmenn telja að betri menntun og aukin samskipti auki líkur á friði í heiminum og meiri samstöðu milli þjóða og skapi þannig skilyrði fyrir réttlátari heimi.**

Hér er þessi alþjóðlegi punktur sem við höfum ekki dregið nóg fram – Betri menntun – aukin samskipti – Betri líkur á friði í heiminum og samstöðu á milli þjóða. Við þurfum að tengja umræðuna alþjóðlegri hugsun vegna þess að það er einkenni á okkar stefnu, miðað við aðra stjórnmalaflokka, að hún er alþjóðleg.

**Glæra 18**

**Stefnusetningar okkar í menntamálum:**

*Ísland á að verða þekkingarsamfélag þar sem hátæknigreinar þróast með hefðbundinni framleiðslu. Með stórbættu menntakerfi, frá leikskóla til háskóla og frá grunnnámi til enndurmenntunar er brautin rudd fyrir blómlegt atvinnulíf og skynsamlega byggðastefnu. Menntir og menning eru eitt af helstu jöfnunartækjum samfélagsins. Jafn aðgangur og virk sýmenntun á vinnumarkaði skipta því höfðuðmáli. Það þarf að auka skilvirkni í menntakerfinu, meðal annars með því að lækka stúdentsprófaldur og hafa þarfir hvers einstaklings í fyrirrúmi – í þágu heildarinnar. Samfylkingin vill fjárfesta í víðtæku menntaátaki.*

Hér tek ég upp það sem ég kalla stefnusetningar í menntamálum og þetta er orðrétt úr bæklingnum: “Ísland á að verða þekkingarsamfélag þar sem hátæknigreinar þróast með hefðbundinni framleiðslu” – sem við sáum að við eigum langt í land með. Hérna er markmiðssetningin sett. “Með stórbættu menntakerfi frá leikskóla til háskóla frá grunnnámi til

endurmenntunar – ( þetta er lærdómur allt lífið) er brautin rudd fyrir blómlegt atvinnulíf – hér erum við komin inni efnahagsmálin, það er ekki hægt að tala um efnahagslíf nema tala um menntunina og skynsamlega byggðastefnu. Þetta er LEIÐIN – með stóru Li. “ Menntir og menning þetta eru helstu jöfnunartæki samfélagsins” – sem eg var að sýna hér fram á og jafn aðgangur og virk símenntun skipta því höfuðmáli. Ég sýndi ykkur fram á hvað það er vond staða í þessum málum, þetta er jöfnunartækið , almannatryggingahugsunin og “ það þarf að auka skilvirkni í menntakerfinu m.a. með því að lækka stúdentsprófsaldur ( gott að hafa skýra fókuspunkta) og skilgreina þarfir hvers einstaklings í þágu heildarinnar ( hér er einn af þessum punktum sem ég nefndi frá OECD – við viljum leggja meira fé í þennan málaflokk.)

Með svona hugsun , þegar fólk er að tala um pólitík, sama hver það er, þá grípur það alltaf eina eða tvær af þessum setningum, sama af hvaða tilefni það er, þannig að við séum alltaf að tala eins alltaf að klifa á sömu hlutunum , það er hugsunin að baki þess að búa til þennan þríhyrning og eins og ég er að stila upp þessu erindi mínu hér, þá er eg ekki að gera neitt annað en að undirbyggja þennan málflutning, með ákveðnum tölum , ákveðnum staðreyndum með því að gera því fólk í Samfylkingunni sem er að tala fyrir okkar hönd að gera því kleift að ekki bara verjast heldur líka sækja fram og eiga rök sem eru undirbyggð að baki hverrar setningar sem hér er. Þakka ykkur fyrir.

Menntatillaga ÁE

Tala um fjölbreytileika menningar og menntunar og efnahagsleg áhrif eitthvað

Enda á pólitíski stefnu og stefnusetningum fyrir SF

Menntamál eru efnahagsmál vegna hagvaxtar (ÞG og launamisumunar

Menntamál eru byggðamál og skýra það með myndum, m.a.ÞG

Menntamál eru jafnréttismál og taka tölur úr Kjarasannsóknanefnd

Lýsa stöður hér og erlendis, m.a. með línuritum, nýja OECD-bókin,

Internationalinn

-----

OECD hefur lagt línur um lærdóm alla ævi (lifetime learning) sem er stefna um hvernig best sé að auka mannauð til hagsbóta fyrir samfélagið og þegna þess. Fimm atriði eru talin skipta mestu máli.

Í fyrsta lagi verður að viðurkenna allan lærdóm ekki einungis þann sem felst í prófgráðu. Þetta er mjög mikilvægt gagnvart fullorðnum.

Í öðru lagi er hvatingin meginþáttur vegna þess að fólk kemur með mjög misjafnar efnahagslegar forsendur. Þetta hefur m.a. áhrif á kennsluaðferðir.

Í þriðja lagi þarf forgangsröðunin að vera ljós. Nú þarf víða mest að huga að börnum á forskólaaldri og fullorðnum. Hérlandis er framhaldsskólin mest til vansa. Þetta ber einnig að sjá í samhengi við jöfn tækifæri til menntunar og fjölbreytileika í menntun og menningu.

Í fjórða lagi þarf að horfast í augu við að aukið fé þarf í þennan málaflokk.

Í fimmta lagi þarf að viðurkenna að lærdómur alla ævi er utan verksviðs eins ráðuneytis. Hér verða fleiri ráðuneyti að koma að verkefninu.